



Reglur um frístundastyrki Þingeyjarsveitar 2023

1.gr. Gildissvið

Frístundastyrkir eru fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 – 18 ára sem eru með lögheimili í Þingeyjarsveit. Miðað er við fæðingarár. Styrkjunum er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu og virkni barna í sveitarfélaginu óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum fjölskyldna.

2.gr. Markmið

Markmiðið er að jafna tækifæri og auka möguleika barna og unglunga, sem eiga lögheimili í Þingeyjarsveit, til að stunda íþróttir og tómstundir við sitt hæfi. Auk þess er styrknum ætlað að vera hvatning til heilbrigðrar tómstundaiðkunar, þátttöku barna og unglunga í félagsstarfi og til lækkunar á kostnaði heimila.

3.gr. Umsókn um frístundastyrk

Hámark styrks á árinu 2023 er **kr. 30.000,-** á hvert barn. Styrkur er veittur vegna æfinga- og þáttökugjalda. Ekki er greitt vegna annars kostnaðar, s.s. ferðakostnaðar, mótsgjalda, kostnaðar v. kaupa á búnaði eða annars tilfallandi kostnaðar við iðkun og keppni.

Styrkhæft er hverskonar reglulegt íþrótt- og tómstundastarf. Ungmenni á aldrinum 16-18 ára geta nýtt styrkinn til kaupa á 3-12 mánaða kortum í íþróttamiðstöðvum.

Foreldrar skulu sækja um styrkinn á heimasíðu sveitarfélagsins. Með þurfa að fylgja afrit kvittana fyrir æfinga/þáttökugjöldum. Styrkur verður aldrei hærri en sem nemur greiddum gjöldum skv. kvittunum.

Hægt er að sækja um styrk vegna iðkunar á árinu 2023 til loka ársins. Eftir 31.12.2023 er ekki hægt að sækja um vegna þess árs. Styrkir skulu að jafnaði greiddir út innan mánaðar frá því sótt er um.

4.gr. Vafamál

Leiki vafi á afgreiðslu styrkumsókna úrskurðar íþrótt-, tómstunda- og menningarnefnd um styrkhæfi.

Samþykkt á 9. fundi íþrótt-, tómstunda- og menningarnefndar þann 6. júní 2023.

Samþykkt á 28. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 22. júní 2023.